

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1124****2021/EES/26/38****frá 13. mars 2019****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins samkvæmt
reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 frá 12. mars 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um rekstur á skrá Sambandsins sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽³⁾.
- 2) Öllum aðgerðum, sem eru nauðsynlegar í tengslum við reglufylgnitímabilið á milli 2013 og 2020, ætti að ljúka í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 ⁽⁴⁾. Þar eð í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um reglur fyrir reglufylgnitímabilið 2013–2020, þ.m.t. um notkun alþjóðlegra inneigna sem verða til samkvæmt Kýótóbókuninni, gildir sú reglugerð áfram um þessar aðgerðir til 1. júlí 2023 sem eru endalok viðbótartímabilsins til að uppfylla skuldbindingar á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar. Til að skapa skýrleika um reglurnar sem gilda um allar aðgerðir sem tengjast reglufylgnitímabilinu á milli 2013 og 2020 í samræmi við ákvörðun nr. 406/2009/EB, annars vegar, og reglurnar sem gilda um allar aðgerðir sem tengjast reglufylgnitímabilinu á milli 2021 og 2030 í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/842, hins vegar, verður, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, gildissvið þeirra ákvæða í reglugerð (ESB) nr. 389/2013 sem gilda áfram, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að því er varðar aðgerðir sem tengjast reglufylgnitímabilinu á milli 2013 og 2020 takmarkað í því skyni.
- 3) Í reglugerð (ESB) 2018/842 eru settar fram skuldbindingar fyrir aðildarríkin að því er varðar lágmarksframlag þeirra á tímabilinu frá 2021 til 2030 til að uppfylla markmið Sambandsins um að draga úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum fram til 2030 um sem nemur 30% niður fyrir gildi ársins 2005.
- 4) Í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 er kveðið á um að nákvæmt bókhald yfir færslur samkvæmt þeirri reglugerð skuli tryggt í skrá Sambandsins.
- 5) Gefa ætti árlegar losunarúthlutunareiningar út í samræmisreikningum aðildarríkjanna, til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/842 (e. *ESR Compliance Accounts*) (hér á eftir nefnt „RSB-samræmisreikningar“), sem komið var á fót í skrá Sambandsins samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122, í magni sem er ákvarðað skv. 3. mgr. 4. gr. og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842. Einungis ætti að varðveita árlegar losunarúthlutunareiningar á RSB-samræmisreikningunum í skrá Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 26.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 frá 12. mars 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins (Stjttíð. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 66).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjttíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 (Stjttíð. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1).

(5) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 um átak aðildarríkjanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020 (Stjttíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 136).

- 6) Skrá Sambandsins ætti að gera það kleift að hrinda í framkvæmd sannprófunarlotu samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/842 með því að láta í té ferli fyrir innfærslu árlegra, endurskoðaðra gagna um losun gróðurhúsalofttegunda í RSB-samræmisreikningana til að ákvarða tölu um stöðu reglufylgni fyrir RSB-samræmisreikning hvers aðildarríkis fyrir hvert ár á tilteknu reglufylgnitímabili og, ef nauðsyn krefur, til að beita stuðlinum skv. a-lið, 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842.
- 7) Skrá Sambandsins ætti einnig að tryggja nákvæmt bókhald yfir færslur skv. 5., 6., 7. og 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842.
- 8) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 er breytt sem hér segir:

- 1) Í vísunum er eftirfarandi texta bætt við:

„með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 (*), einkum 1. mgr. 12. gr.,

(*) Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 26.“

- 2) Í 2. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Þessi reglugerð gildir einnig um árlegar losunarúthlutunareiningar.“

- 3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 12. liðar kemur eftirfarandi:

„12) „viðskipti“: ferli í skrá Sambandsins sem felur í sér færslu losunarheimildar eða árlegrar losunarúthlutunareiningar frá einum reikningi yfir á annan.“

- b) Eftirfarandi 23. og 24. lið er bætt við:

„23) „RSB-reglufylgnitímabil“: tímabilið frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030 þegar aðildarríkin skulu takmarka losun sína á gróðurhúsalofttegundum samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/842,

24) „árleg losunarúthlutunareining“: skipting á árlegri losunarúthlutun aðildarríkis, sem er ákvörðuð skv. 3. mgr. 4. gr. og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, sem svarar til eins tons af koltvísýringisígildi.“

- 4) Í stað 2. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu nota skrá Sambandsins til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 12. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842. Skrá Sambandsins skal veita landsstjórnendum og reikningshöfum aðgang að öllum ferlunum sem sett eru fram í þessari reglugerð.“

- 5) Í stað 5. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Miðlægi stjórnandinn, lögbær yfirvöld og landsstjórnendur skulu einungis framkvæma ferli ef það er nauðsynlegt til að viðkomandi geti sinnt verkefnum sínum í samræmi við tilskipun 2003/87/EB og reglugerð (ESB) 2018/842.“

- 6) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.“

Opnun reikninga sem miðlægi stjórnandinn stjórnar

1. Miðlægi stjórnandinn skal opna alla rekstrarreikninga viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir í skrá Sambandsins, RSB-reikning ESB fyrir heildarfjölda árlegra losunarúthlutunareininga, reikning fyrir niðurfelldar losunarheimildir samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/842 („RSB-reikningur fyrir niðurfelldar losunarheimildir“), reikning ESB fyrir heildarfjölda árlegra losunarúthlutunareininga í II. viðauka, RSB-reikning fyrir öryggisvarasjóð ESB og einn RSB-samræmisreikning fyrir hvert aðildarríki fyrir hvert ár reglufylgnitímabilsins.

2. Landsstjórnandinn, sem er tilnefndur skv. 1. mgr. 7. gr., skal vera viðurkenndur fulltrúi fyrir RSB-samræmisreikningana.“

7) Eftirfarandi 27. gr. a er bætt við:

„27. gr. a

Lokun RSB-samræmisreiknings

Miðlægi stjórnandinn skal loka RSB-samræmisreikningi í fyrsta lagi mánuði eftir að tala um stöðu reglufylgni hefur verið ákvörðuð fyrir reikninginn skv. 59. gr. f og eftir að hafa tilkynnt reikningshafa um það með fyrirvara.

Þegar RSB-samræmisreikningi er lokað skal miðlægi stjórnandinn tryggja að árlegar losunarúthlutunareiningar sem eftir eru á RSB-samræmisreikningnum séu millifærðar af skrá Sambandsins yfir á RSB-reikning fyrir niðurfelldar losunarheimildir.“

8) Eftirfarandi II. bálki A er bætt við:

„II. BÁLKUR A

SÉRTÆK ÁKVÆÐI VEGNA BÓKHALDS YFIR VIÐSKIPTI SAMKVÆMT REGLUGERÐUM (ESB) 2018/842 OG (ESB) 2018/841

1. KAFLI

Viðskipti samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/842

59. gr. a

Stofnun árlegra losunarúthlutunareininga

1. Við upphaf reglufylgnitímabilsins skal miðlægi stjórnandinn stofna:

- a) þann fjölda árlegra losunarúthlutunareininga á RSB-reikningi ESB fyrir heildarfjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem er jafn og summa árlegrar losunarúthlutunar fyrir öll aðildarríkin fyrir öll ár reglufylgnitímabilsins eins og sett er fram í 10. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/842 og í ákvörðunum sem eru samþykktar skv. 4. gr. (3. mgr.) og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842,
- b) þann fjölda árlegra losunarúthlutunareininga á reikningi ESB fyrir heildarfjölda árlegra losunarúthlutunareininga í II. viðauka sem er jafn og summa allra árlegra losunarúthlutana fyrir öll aðildarríki, sem uppfylla skilyrðin, fyrir öll ár reglufylgnitímabilsins eins og sett er fram í ákvörðunum sem eru samþykktar skv. 3. og 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 á grundvelli hundradshlutanna sem aðildarríkin tilkynna skv. 3. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins úthluti hverri árlegri losunarúthlutunareiningu sérstökum einingaraudkenniskóða við stofnun hennar.

59. gr. b

Árlegar losunarúthlutunareiningar

Árlegar losunarúthlutunareiningar skulu vera gildar í þeim tilgangi að uppfylla kröfur um takmarkanir aðildarríkjanna á losun gróðurhúsalofttegunda skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 og skuldbindingar þeirra skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841. Þær skulu einungis vera millifæranlegar samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 5. gr. (1. til 5. mgr.), 6. gr., 9. gr. (2. mgr.) og 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 og 12. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/841.

59. gr. c

Millifærsla á árlegum losunarúthlutunareiningum yfir á hvern RSB-samræmisreikning

1. Í upphafi reglufylgnitímabilsins skal miðlægi stjórnandinn millifæra það magn árlegra losunarúthlutunareininga sem samsvarar árlegri losunarúthlutun hvers aðildarríkis á hverju ári, eins og sett er fram í 10. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/842 og í ákvörðunum sem eru samþykktar skv. 4. gr. (3. mgr.) og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, af RSB-reikningi ESB fyrir heildarfjölda árlegra losunarúthlutunareininga yfir á viðeigandi RSB-samræmisreikning.

2. Við lokun ÁSB-samræmisreiknings aðildarríkis fyrir árið 2020 skv. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 389/2013, ef heildarmagn losunar gróðurhúsalofttegunda, gefið upp í tonnum af koltvísýringsígildi á viðkomandi ÁSB-samræmisreikningi, fer yfir summu allra árlegra losunarúthlutunareininga, alþjóðlegra inneigna, bráðabirgðaeininga vottaðrar losunarskerðingar (tCER) og langtímaeininga vottaðrar losunarskerðingar (ICER), skal draga magn, sem samsvarar magni umframlosunarinnar, margfaldað með lækkunarstuðlinum sem er tilgreindur í a-lið 1. mgr. 7. gr ákvörðunar nr. 406/2009/EB, frá fjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem eru millifærðar á RSB-samræmisreikning aðildarríkisins fyrir árið 2021 skv. 1. mgr. þessarar greinar.

59. gr. d

Innfærsla á viðeigandi gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda

1. Þegar viðeigandi endurskoðuð gögn um losun gróðurhúsalofttegunda fyrir tiltekið ár á reglufylgnitímabilinu eru tiltækileg fyrir meirihluta aðildarríkjanna skal miðlægi stjórnandinn færa tímanlega inn heildarmagn viðkomandi endurskoðaðrar losunar gróðurhúsalofttegunda, gefið upp í tonnum af koltvísýringsígildi, fyrir hvert aðildarríki, inn í RSB-samræmisreikning þess fyrir það tiltekna ár á reglufylgnitímabilinu.

2. Miðlægi stjórnandinn skal einnig færa summu viðkomandi endurskoðaðra gagna um losun gróðurhúsalofttegunda fyrir öll aðildarríkin fyrir tiltekið ár inn í RSB-reikning ESB fyrir heildarfjölda árlegra losunarúthlutunareininga.

59 gr. e

Útreikningur á jöfnuði á RSB-samræmisreikningnum

1. Þegar viðeigandi gögn um losun gróðurhúsalofttegunda eru færð inn skv. 59. gr. d skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins reikni út jöfnuðinn á viðkomandi RSB-samræmisreikningi með því að draga endurskoðað heildarmagn losunar gróðurhúsalofttegunda, gefið upp í tonnum af koltvísýringsígildi, á viðkomandi RSB-samræmisreikningi frá summu allra árlegra losunarúthlutunareininga á sama RSB-samræmisreikningi.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins sýni jöfnuðinn í hverjum RSB-samræmisreikningi.

59. gr. f

Ákvörðun á tölum um stöðu reglufylgni

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að 6 mánuðum eftir innfærslu á viðeigandi gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. 59. gr. d í þessari reglugerð fyrir árin 2025 og 2030 ákvarði skrá Sambandsins tölu um stöðu reglufylgni fyrir hvern RSB-samræmisreikning fyrir árin 2021 og 2026 með því að reikna summu allra árlegra losunarúthlutunareininga, inneigna skv. 24. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og eininga til mildunar vegna landnotkunar (LMU) að frádregnu heildarmagni endurskoðaðrar losunar gróðurhúsalofttegunda, gefið upp í tonnum af koltvísýringsígildi, á sama RSB-samræmisreikningnum.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins ákvarði tölu um stöðu reglufylgni fyrir hvern RSB-samræmisreikning fyrir hvert ár frá 2022 til 2025 og frá 2027 til 2030 með því að reikna summu allra árlegra losunarúthlutunareininga, inneigna skv. 24. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og eininga til mildunar vegna landnotkunar (LMU) að frádregnu heildarmagni endurskoðaðrar losunar gróðurhúsalofttegunda, gefið upp í tonnum af koltvísýringsígildi, á sama RSB-samræmisreikningnum innan mánaðar frá því að tala um stöðu reglufylgni var ákvörðuð fyrir næstliðið ár.

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins skrái tölu um stöðu reglufylgni fyrir hvern RSB-samræmisreikning.

59. gr. g

Beiting a- og b-liðar 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842

1. Þegar tala um stöðu reglufylgni, sem er ákvörðuð skv. 59. gr. f í þessari reglugerð, er neikvæð skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins millifæri umframmagn endurskoðaðrar losunar gróðurhúsalofttegunda, gefið upp í tonnum af koltvísýringsígildi, margfaldað með stuðlinum 1,08 sem er tilgreindur í a-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, af RSB-samræmisreikningi aðildarríkis á tilteknu ári yfir á RSB-samræmisreikning þess fyrir næsta ár.

2. Um leið skal miðlægi stjórnandinn frysta RSB-samræmisreikninga viðkomandi aðildarríkis fyrir þau ár sem eftir eru af reglufylgnitímabilinu.
3. Miðlægi stjórnandinn skal breyta stöðu RSB-samræmisreikningsins úr frystur í opinn fyrir þau ár sem eftir eru af reglufylgnitímabilinu frá og með því ári þegar tala um stöðu reglufylgni, sem er ákvörðuð skv. 59. gr. f, er núll eða jákvæð.

59 gr. h

Notkun sveigjanleika sem mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum af reikningi ESB fyrir heildarfjölda árlega losunarúthlutunareininga í II. viðauka yfir á RSB-samræmisreikning viðkomandi aðildarríkis fyrir tiltekið ár á reglufylgnitímabilinu. Slík millifærsla skal ekki fara fram í eftirfarandi tilvikum:

- a) beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en jöfnuðurinn á RSB-samræmisreikningnum er reiknaður út eða eftir að talan um stöðu reglufylgni er ákvörðuð fyrir viðkomandi ár,
- b) aðildarríkið sem lagði fram beiðnina er ekki skráð í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/842,
- c) umbeðinn fjöldi fer yfir eftirstandandi heildarfjölda í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/842, sem viðkomandi aðildarríki hefur til ráðstöfunar, eins og sett er fram í ákvörðunum sem eru samþykktar skv. 3. og 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, og að teknu tilliti til hugsanlegrar endurskoðunar til minnkunar á fjöldanum samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar,
- d) umbeðinn fjöldi fer yfir magn umframlosunar fyrir viðkomandi ár sem er reiknaður með tilliti til fjölda þeirra árlegu losunarúthlutunareininga sem er millifærður af RSB-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis fyrir tiltekið ár yfir á LULUCF-samræmisreikning þess skv. 3. mgr. 59. gr. x eða 2. mgr. 59. gr. za.

59. gr. i

Árlegar losunarúthlutunareiningar fengnar að láni

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum yfir á RSB-samræmisreikning viðkomandi aðildarríkis, fyrir tiltekið ár á reglufylgnitímabilinu, af RSB-samræmisreikningi þess fyrir næsta ár á reglufylgnitímabilinu. Slík millifærsla skal ekki fara fram í eftirfarandi tilvikum:

- a) beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en jöfnuðurinn á RSB-samræmisreikningnum er reiknaður út eða eftir að talan um stöðu reglufylgni er ákvörðuð fyrir viðkomandi ár,
- b) umbeðinn fjöldi fer yfir 10% af árlegri losunarúthlutun næsta árs, eins og ákvarðað er skv. 4. gr. (3. mgr.) og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, að því er varðar árin 2021 til 2025 og 5% af árlegri losunarúthlutun næsta árs, eins og ákvarðað er skv. 4. gr. (3. mgr.) og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, að því er varðar árin 2026 til 2029.

59. gr. j

Árlegar losunarúthlutunareiningar lagðar til hliðar

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum af RSB-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis, fyrir tiltekið ár á reglufylgnitímabilinu, yfir á RSB-samræmisreikning þess fyrir hvaða næsta ár sem er á reglufylgnitímabilinu. Slík millifærsla skal ekki fara fram í eftirfarandi tilvikum:

- a) beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en jöfnuðurinn á RSB-samræmisreikningnum er reiknaður út fyrir viðkomandi ár,
- b) að því er varðar árið 2021 fer umbeðinn fjöldi yfir jákvæða jöfnuðinn á reikningnum eins og reiknað er út skv. 59. gr. e,

c) að því er varðar árin 2022 til 2029 fer umbeðinn fjöldi yfir jákvæða jöfnuðinn á reikningnum eins og reiknað er út skv. 59. gr. e í þessari reglugerð eða 30% af uppsafnaðri árlegri losunarúthlutun viðkomandi aðildarríkis fram að því ári, eins og ákvarðað er skv. 4. gr. (3. mgr.) og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842,

d) staða RSB-samræmisreikningsins, sem hefur millifærsluna, heimilar ekki millifærsluna.

59. gr. k

Notkun eininga til mildunar vegna landnotkunar (e. *Land Mitigation Unit*)

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á einingum til mildunar vegna landnotkunar af LULUCF-samræmisreikningi aðildarríkis yfir á RSB-samræmisreikning viðkomandi aðildarríkis. Slík millifærsla skal ekki fara fram í eftirfarandi tilvikum:

a) umbeðinn fjöldi fer yfir tiltækan fjölda eininga til mildunar vegna landnotkunar (LMU), sem er hægt að millifæra inn á RSB-samræmisreikning skv. 59. gr. x, eða eftirstandandi fjölda,

b) umbeðinn fjöldi fer yfir tiltækan fjölda skv. III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/842 eða eftirstandandi fjölda,

c) umbeðinn fjöldi fer yfir magn losunar á tilteknu ári, að fráregnum fjölda árlegra losunarúthlutunareininga á viðkomandi ári eins og sett er fram í 10. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/842 og ákvörðunum sem voru samþykktar skv. 4. gr. (3. mgr.) og 10. gr. þeirrar reglugerðar og að fráregningi summu allra árlegra losunarúthlutunareininga sem hafa verið lagðar til hliðar á fyrri árum til yfirstandandi árs eða síðari ára skv. 59. gr. j í þessari reglugerð,

d) viðkomandi aðildarríki hefur ekki lagt fram skýrslu sína, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, um ætlun sína að nýta sér sveigjanleikann sem settur er fram í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842,

e) viðkomandi aðildarríki hefur ekki farið að tilskildum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2018/841,

f) millifærslan hefst áður en jöfnuðurinn á LULUCF-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis er reiknaður út eða eftir að talan um stöðu reglufylgni hefur verið ákvörðuð fyrir tiltekið reglufylgnitímabil skv. 59. gr. u og 59. gr. za,

g) millifærslan hefst áður en jöfnuðurinn á RSB-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis er reiknaður út eða eftir að talan um stöðu reglufylgni er ákvörðuð fyrir viðkomandi ár.

59. gr. l

Fyrirframmillifærsla á árlegri losunarúthlutun aðildarríkis

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum af RSB-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis fyrir tiltekið ár yfir á RSB-samræmisreikning annars aðildarríkis. Slík millifærsla skal ekki fara fram í eftirfarandi tilvikum:

a) að því er varðar árin 2021 til 2025 fer umbeðinn fjöldi yfir 5% af losunarúthlutun aðildarríkisins, sem hefur færsluna, fyrir umrætt ár, eins og hún er ákvörðuð skv. 3. mgr. 4. gr. og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 eða eftirstandandi fjölda sem er til ráðstöfunar,

b) að því er varðar árin 2026 til 2030 fer umbeðinn fjöldi yfir 10% af losunarúthlutun aðildarríkisins, sem hefur færsluna, fyrir umrætt ár, eins og hún er ákvörðuð skv. 3. mgr. 4. gr. og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 eða eftirstandandi fjölda sem er til ráðstöfunar,

c) aðildarríkið hefur farið fram á millifærslu inn á RSB-samræmisreikning fyrir ár sem kemur á undan árinu sem um ræðir,

d) staða RSB-samræmisreikningsins, sem hefur millifærsluna, heimilar ekki millifærsluna.

59. gr. m

Millifærsla eftir útreikning á jöfnuði á RSB-samræmisreikningnum

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum af RSB-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis fyrir tiltekið ár yfir á RSB-samræmisreikning annars aðildarríkis. Slík millifærsla skal ekki fara fram í eftirfarandi tilvikum:

- a) beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en jöfnuðurinn á reikningnum er reiknaður út skv. 59. gr. e,
- b) umbeðinn fjöldi fer yfir jákvæða jöfnuðinn á reikningnum, eins og reiknað er út skv. 59 gr. e, eða eftirstandandi fjölda,
- c) staða RSB-samræmisreikningsins, sem hefur millifærsluna, heimilar ekki millifærsluna.

59. gr. n

Öryggisvarasjóður

Pegar viðeigandi gögn um losun gróðurhúsalofttegunda eru færð inn skv. 59. gr. d í þessari reglugerð fyrir árið 2030 skal miðlægi stjórnandinn stofna í RSB-reikningi fyrir öryggisvarasjóð ESB fjölda árlegra viðbótarlosunarúthlutunareininga sem er jafn og mismunurinn á 70% af summu endurskoðaðrar losunar allra aðildarríkjanna fyrir árið 2005, eins og ákvarðað er í samræmi við aðferðafræðina í ákvörðuninni sem er samþykkt skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, og summu viðkomandi endurskoðaðra gagna um losun gróðurhúsalofttegunda frá öllum aðildarríkjunum fyrir árið 2030. Slíkur fjöldi skal vera á bilinu 0–105 milljónir árlegra losunarúthlutunareininga.

59. gr. o

Fyrsta umferð úthlutunar úr öryggisvarasjóðnum

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum af RSB-reikningi fyrir öryggisvarasjóð ESB yfir á RSB-samræmisreikning viðkomandi aðildarríkis fyrir hvaða ár sem er á tímabilinu frá 2026 til 2030 samkvæmt beiðni aðildarríkisins. Slíkar millifærslur skulu ekki fara fram í eftirfarandi tilvikum:

- a) beiðnin á við um RSB-samræmisreikning fyrir ár sem er ekki á tímabilinu frá 2026 til 2030,
- b) beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en jöfnuðurinn er reiknaður út fyrir árið 2030,
- c) beiðni aðildarríkisins er lögð fram innan við sex vikum áður en talan um stöðu reglufylgni er ákvörðuð fyrir RSB-samræmisreikninginn fyrir árið 2026,
- d) beiðnin kom frá aðildarríki sem er ekki tilgreint í ákvörðuninni sem er birt skv. 5. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842,
- e) umbeðinn fjöldi fer yfir 20% af heildarframúrakstri viðkomandi aðildarríkis á tímabilinu frá 2013 til 2020, eins og ákvarðað er í ákvörðuninni sem er birt skv. 5. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, eða fjöldanum sem dregið er úr skv. 3. mgr. þessarar greinar, eða eftirstandandi tiltækum fjölda,
- f) fjöldi árlegra losunarúthlutunareininga, sem er seldur öðrum aðildarríkjum skv. 59. gr. l og 59. gr. m, fer yfir þann fjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem er fenginn frá öðrum aðildarríkjum skv. 59. gr. l og 59. gr. m,
- g) umbeðinn fjöldi fer yfir magn umframlosunar á viðkomandi ári þegar tekið er tillit til eftirfarandi:
 - i. fjölda árlegra losunarúthlutunareininga á viðkomandi ári eins og sett er fram í ákvörðunum sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842,
 - ii. fjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem eru fengnar yfir á RSB-samræmisreikninginn eða seldar af honum á viðkomandi ári skv. 59. gr. l og 59. mgr. m,
 - iii. heildarfjöldi árlegra losunarúthlutunareininga sem hafa verið lagðar til hliðar á fyrri árum til yfirstandandi árs eða síðari ára skv. 59. gr. j,

- iv. heildarfjöldi árlegra losunarúthlutunareininga sem heimilt er að fá að láni á viðkomandi ári skv. 59. gr. i,
 - v. tiltæks fjölda eininga til mildunar vegna landnotkunar (LMU) sem er hægt að millifæra inn á RSB-samræmisreikninga skv. 59. gr. x, eða tiltæks eftirstandandi fjölda skv. 59. gr. m.
2. Sex vikum áður en talan um stöðu reglufylgni er ákvörðuð fyrir árið 2026 skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins reikni út og birti heildarsummu árlegra losunarúthlutunareininga sem öll aðildarríkin óska eftir skv. 1. mgr.
 3. Ef summan, sem um getur í 2. mgr., er hærri en heildarfjöldi árlegra losunarúthlutunareininga í RSB-reikningnum fyrir öryggisvarasjóð ESB skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins annast millifærslu á fjöldanum, sem hvert aðildarríki óskar eftir, sem er skertur í réttu hlutfalli.
 4. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins reikni út fjöldann, sem er skertur í réttu hlutfalli, með því að margfalda umbeðinn fjölda með hlutfalli heildarfjölda árlegra losunarúthlutunareininga í RSB-reikningnum fyrir öryggisvarasjóð ESB og þeim heildarfjölda sem öll aðildarríkin óska eftir skv. 1. mgr.

59. gr. p

Önnur umferð úthlutunar úr öryggisvarasjóðnum

1. Ef summan, sem um getur í 2. mgr. 59. gr. o, er lægri en heildarfjöldi árlegra losunarúthlutunareininga í RSB-reikningnum fyrir öryggisvarasjóð ESB skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins heimili frekari beiðni frá aðildarríkjum, að því tilskildu að:
 - a) beiðni aðildarríkis sé lögð fram í fyrsta lagi sex vikum áður en talan um stöðu reglufylgni er ákvörðuð fyrir árið 2026 en eigi síðar en þremur vikum áður en talan um stöðu reglufylgni er ákvörðuð fyrir árið 2026,
 - b) beiðnin komi frá aðildarríki sem er tilgreint í ákvörðuninni sem er birt skv. 5. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842,
 - c) fjöldi árlegra losunarúthlutunareininga, sem er seldur öðrum aðildarríkjum skv. 59. gr. l og 59. gr. m, fari ekki yfir þann fjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem er fenginn frá öðrum aðildarríkjum skv. 59. gr. l og 59. gr. m,
 - d) millifærður fjöldi fari ekki yfir magn umframlosunar á viðkomandi ári þegar tekið er tillit til alls fjöldans, sem er tilgreindur í g-lið 1. mgr. 59. gr. o, og fjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem tekið er á móti skv. 59. gr. o.
2. Ef summa allra gilda beiðna er hærri en eftirstandandi heildarfjöldi skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins reikni út fjöldann, sem á að millifæra fyrir hverja gilda beiðni, með því að margfalda eftirstandandi heildarfjölda árlegra losunarúthlutunareininga í RSB-reikningnum fyrir öryggisvarasjóð ESB með hlutfallinu milli viðkomandi beiðni og summu allra beiðna sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr.

59. gr. q

Breytingar

1. Ef um er að ræða breytingar skv. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 eða einhverjar aðrar breytingar á summuni sem er tilgreind í 59. gr. a í þessari reglugerð, sem myndu leiða til aukningar á árlegri losunarúthlutun aðildarríkis á reglufylgnitímabilinu, skal miðlægi stjórnandinn stofna samsvarandi fjölda af árlegum losunarúthlutunareiningum á RSB-reikningi ESB fyrir heildarfjölda árlegra losunarúthlutunareininga og millifæra yfir á viðeigandi RSB-samræmisreikning viðkomandi aðildarríkis.
2. Ef um er að ræða breytingar skv. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 eða einhverjar aðrar breytingar á summuni sem er tilgreind í 59. gr. a í þessari reglugerð, sem myndu leiða til minnkunar á árlegri losunarúthlutun aðildarríkis á reglufylgnitímabilinu, skal miðlægi stjórnandinn millifæra samsvarandi fjölda af árlegum losunarúthlutunareiningum af viðeigandi RSB-samræmisreikningi aðildarríkisins yfir á RSB-reikning þess fyrir niðurfelldar losunarheimildir.
3. Ef aðildarríki tilkynnir um breytingu til að minnka hundradshlutann samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 og í kjölfar samsvarandi breytingar á fjöldanum, sem er tilgreindur í ákvörðuninni sem er samþykkt skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, skal miðlægi stjórnandinn millifæra samsvarandi fjölda af árlegum losunarúthlutunareiningum af reikningi ESB fyrir heildarfjölda árlegra losunarúthlutunareininga í II. viðauka yfir á RSB-reikninginn fyrir niðurfelldar losunarheimildir. Aðlaga skal heildarfjöldann, sem er tiltækur fyrir viðkomandi aðildarríki skv. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, til samræmis við það.

59. gr. r

Millifærslur árlegra losunarúthlutunareininga sem hafa áður verið lagðar til hliðar

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum yfir á RSB-samræmisreikning viðkomandi aðildarríkis, fyrir tiltekið ár á reglufylgnitímabilinu, af RSB-samræmisreikningi þess fyrir hvaða næsta ár sem er á reglufylgnitímabilinu. Slík millifærsla skal ekki framkvæmd ef:

- a) umbeðinn fjöldi fer yfir fjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem lagðar eru til hliðar skv. 59. gr. j í RSB-samræmisreikningnum þáðan sem millifærslan er ætluð,
- b) beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en jöfnuðurinn er reiknaður út eða eftir að talan um stöðu reglufylgni er ákvörðuð að því er varðar RSB-samræmisreikninginn þangað sem millifærslan er ætluð.

59. gr. s

Framkvæmd og bakfærsla millifærslna

1. Að því er varðar allar millifærslur, sem eru tilgreindar í þessum bálki, gilda 34., 35. og 55. gr.
 2. Millifærslur á RSB-samræmisreikninga, sem hefjast fyrir mistök, má bakfæra að beiðni landsstjórnandans. Í slíkum tilvikum gilda 4., 6., 7. og 8. mgr. 62. gr.“
- 9) Í stað 2. mgr. 70. gr. kemur eftirfarandi:
- „2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB láti fara fram sjálfvirkt eftirlit með öllum ferlum, með hliðsjón af upplýsinga- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr. þessarar reglugerðar, til að greina frávik og misræmi sem verða til þess að tillagða ferlið er ekki í samræmi við kröfurnar í tilskipun 2003/87/EB, reglugerð (ESB) 2018/842 og þessari reglugerð.“
- 10) Ákvæðum I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
 - 11) Ákvæðum XIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122 er eftirfarandi töflu bætt við:

„Tafla I-II: Reikningar að því er varðar bókhald yfir viðskipti skv. II. bálki A.

Heiti reikningstegundar	Reiknings-hafi	Stjórnandi reiknings	Fjöldi reikninga af þessari tegund	Árleg losunar-úthlutunareining	Bókfærð losun/bókfærð upptaka	Einingar til mildunar vegna landnotkunar (LMU)	Úthlutun vegna sveigjanleika fyrir stýrt skóglendi (MFLFA)
RSB-reikningur ESB fyrir heildarfjölda árlega losunarúthlutunareininga	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Já	Nei	Nei	Nei
RSB-reikningur fyrir niðurfelldar losunarheimildir	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Já	Nei	Já	Nei
Reikningur ESB fyrir heildarfjölda árlega losunarúthlutunareininga í II. viðauka	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Já	Nei	Nei	Nei
RSB-reikningur fyrir öryggisvarasjóð ESB	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Já	Nei	Nei	Nei
RSB-samræmisreikningur	Aðildarríki	Miðlægur stjórnandi	1 fyrir hvert og eitt reglufylgni-áranna 10 fyrir hvert aðildarríki	Já	Nei	Já	Nei ⁴

II. VIÐAUKI

Í XIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122 er eftirfarandi II. lið bætt við:

„II. Upplýsingar sem tengjast bókhaldi yfir viðskipti skv. II. bálki A**Upplýsingar aðgengilegar almenningi**

7. Miðlægi stjórnandinn skal gera eftirfarandi upplýsingar um hvern RSB-samræmisreikning aðgengilegar öllum og uppfæra þær innan sólarhrings, ef við á:
- upplýsingar um aðildarríkið sem á reikninginn,
 - árlega losunarúthlutun eins og ákvarðað er skv. 3. mgr. 4. gr. og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842,
 - stöðuna á hverjum RSB-samræmisreikningi fyrir sig í samræmi við 10. gr.,
 - viðeigandi gögn um losun gróðurhúsalofttegunda skv. 59. gr. d,
 - töluna um stöðu reglufylgni skv. 59. gr. f fyrir hvern RSB-samræmisreikning sem hér segir:
 - A ef um reglufylgni er að ræða,
 - I ef ekki er farið að tilskildum reglum,
 - magn losunar gróðurhúsalofttegunda sem er fært inn skv. 59. gr. g,
 - eftirfarandi upplýsingar um sérhver viðskipti sem lokið er:
 - nafn reikningshafa og auðkenni handhafa færslureikningsins,
 - nafn reikningshafa og auðkenni handhafa viðtökureikningsins,
 - fjöldi árlegra losunarúthlutunareininga sem um er að ræða í viðskiptunum, án sérstaka einingarauðkenniskóða árlegru losunarúthlutunareininganna,
 - viðskiptaaauðkenniskóða,
 - dagsetningu og tíma þegar viðskiptunum lauk (Mið-Evróputími),
 - tegund viðskiptanna.

Upplýsingar sem eru aðgengilegar reikningshöfum

8. Skrá Sambandsins skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem reikningshafi RSB-samræmisreiknings hefur einn aðgang að og uppfæra þær á rauntíma:
- núverandi handhöfn árlegra losunarúthlutunareininga, án sérstaka einingarauðkenniskóða árlegru losunarúthlutunareininganna,
 - skrá yfir tillögð viðskipti sem viðkomandi reikningshafi hefur hafið, með eftirfarandi upplýsingum um hver tillögð viðskipti:
 - þættina í g-lið 7. liðar,
 - dagsetningu og tíma þegar viðskiptin voru lögð til (Mið-Evróputími),
 - núverandi stöðu tillögðu viðskiptanna,
 - alla svarkóða, sem skilað er inn í kjölfar athugunar á vegum skrárinnar og viðskiptadagbókar ESB,
 - skrá yfir árlegar úthlutunarlosunareiningar sem bæst hafa á reikninginn í kjölfar viðskipta sem lokið er og skulu þættirnir í g-lið 7. liðar tilgreindir fyrir hver viðskipti,
 - skrá yfir árlegar úthlutunarlosunareiningar, sem færðar hafa verið af reikningnum í kjölfar viðskipta sem lokið er, og skulu þættirnir í g-lið 7. liðar tilgreindir fyrir hver viðskipti.“